



Lýðheilsu- og tómstundastyrkur Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir 67 ára og eldri.

Markmið

Grímsnes- og Grafningshreppur veitir eldri borgurum 67 ára og eldri styrk til að stunda íþrótt-, æskulýðs- og menningarstarf. Meginreglan skal vera sú að skipulagt tómstundastarf nái yfir 6 vikur samfellt. Hægt er að ráðstafa styrk til greiðslu styttri námskeiða, enda uppfylli námskeiðið önnur skilyrði um styrkhæfi.

Með þessu er markmiðið að:

- Ýta undir hreyfingu og félagsþátttöku eldri borgara.
- Styrkja eldri borgara í Grímsnes- og Grafningshreppi til þátttöku í uppbyggilegu frístundastarfi og auka möguleika á þátttöku óháð efnahag.
- Að auka virkni í frístundum eldri borgara.

Skilyrði fyrir veitingu lýðheilsu- og tómstundastyrkja

- Að styrkþegi hafi lögheimili í Grímsnes- og Grafningshreppi.
- Að styrkþegi sé á aldrinum 67 ára og eldri (miðað við fæðingarár).
- Að um skipulagt starf undir leiðsögn þjálfara, kennara eða leiðbeinanda sé að ræða.
- Starfsemi sem fellur undir styrkinn er starfsemi á vegum íþrótt- og tómstundafélaga, nám við tónlistarskóla, dansskóla og myndlistaskóla auk námskeiða innan líkamsræktarstöðva, sjálfstyrkinganámskeiða og annarra námskeiða sem falla undir reglurnar.
- Staðfesting á greiðslu/kvittun fylgi umsókn vegna lýðheilsu- og tómstundastyrkja. Á greiðslukvittun komi eftirfarandi fram: Nafn og kennitala félags, dags. greiðslu, fyrir hvað er verið að greiða, æfingátímabil, nafn og kennitala iðkanda.
- Styrkur getur aldrei orðið hærri en sem nemur æfingagjaldi/þáttökugjaldi viðkomandi íþrótt- eða tómstundagreinar.
- Lýðheilsu- og tómstundastyrki er ekki heimilt að færa milli ára. Styrkur fellur niður sé ekki um hann sótt á því ári sem styrkþegi stundar íþrótt/tómstundir.

Styrkupphæð fer eftir ákvörðun sveitarstjórnar og er ákvörðun um upphæð tekin við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

Styrkumsókn skal skila inn á þar til gerðu umsóknareyðublaði ásamt greiðslukvittun til skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps eða í gegnum Abler þar sem það er hægt.

Grímsnes- og Grafningshreppi 4. febrúar 2026

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, sveitarstjóri